

2017

# Plastpokalaust Suðurland

Rit nr. II – Greiningar



**BJÖRNEY**  
UMHVERFISRÁÐGJÖF

Unnið af:

**BJÖRNEY**  
UMHVERFISRÁÐGJÖF

September 2017

Fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, SASS

–

[www.bjorney.is](http://www.bjorney.is)  
[elisabet@bjorney.is](mailto:elisabet@bjorney.is)

–

Umbrot og ljósmyndir:  
Óðinn Þór Kjartansson

# Efnisyfirlit


<b>1.</b>	<b>PLASTPOKALAUST SUÐURLAND</b>	<b>5</b>
1.1.	PESTLE	6
1.2.	Hagsmunaaðilar	8
1.3.	Greining á mikilvægi hagsmunaaðila	10
1.4.	Stuðningur og völd	11
1.5.	SVÓT greining	12
<b>2.</b>	<b>AÐGERÐAÁÆTLUN</b>	<b>14</b>
2.1.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	14
2.2.	Umhverfisstofnun	14
2.3.	Verslunarkeðjur á Íslandi	15
2.4.	Fræðsla og kynning	15
<b>3.</b>	<b>SAMSKIPTAÁÆTLUN</b>	<b>16</b>
<b>4.</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR</b>	<b>18</b>
<b>5.</b>	<b>HEIMILDASKRÁ</b>	<b>19</b>




# 1. Plastpokalaust Suðurland

Verkefnið Plastpokalaust Suðurland er hluti af verkefni um sjálfbærni samfélaga. Verkefnið snýr m.a. að uppbyggingu Pokastöðva. Þær fela í sér sjálfsafgreiðslustöðvar fyrir margnota poka, greiningarvinnu, fræðslu og undirbúning málþings. Málþingið um Plastpokalaust Suðurland verður haldið í haust fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög.

Plastpokalaust Suðurland er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands hjá Samtökum Sunnlenskra Sveitarfélaga (SASS) árið 2016. Verkefnið hlaut fjármögnun að 3,4 m.kr. og dreifist kostnaðurinn annars vegar í vinnu þessarar skýrslu og hins vegar við að móta verkefnið og hefja innleiðslu á Pokastöðvum á Suðurlandi.

Hér á eftir fer fram mat á umgjörð verkefnisins. Við slíkt  af að líta til ýmissa þátta. Oft eru margir aðilar sem koma að málum og því mikilvægt að skýra hlutverk hvers og eins og þá hvernig taka eigi tillit til viðkomandi aðila með það að markmiði að verkefnið bæði lifi af og vegni vel.

Í þessi ljósi verða gerðar nokkrar greiningar fyrir þetta verkefni. Til að byrja með verður gerð PESTLE greining með það að markmiði að ramma inn upplýsingarnar sem hafa verið gefnar í riti nr. 1 sem lýsir umgjörð verkefnisins Plastpokalaust Suðurland  í næst verður gerð hagsmunaaðilagreining sem lýsir hverjir tengjast núverandi kerfi sem byggir á einnota burðapokum úr plasti og hvaða hlutverki þeir gegna við innleiðingu á verkefninu Plastpokalaust Suðurland. Eins verður gerð SVÓT greining með það að markmiði að meta hvaða áhrif hver og einn hagsmunaaðili hefur á verkefnið.

Út frá þessum upplýsingum verður unnin aðgerðaráætlun og samskiptaáætlun sem hægt verður að nýta sér við framhald á þessu verkefni.

## 1.1. PESTLE

PESTLE stendur fyrir Stjórnámál (Politics), Umhverfi (Environment), Samfélagsmál (Social), Tækni (Technology), Lög og reglugerðir (Legal) og Efnahagsmál (Economy). Þetta er áhrifaríkt tæki sem er notað í stefnumiðaðri stjórnun til að skoða ytra umhverfi verkefnis eða fyrirtækis. Þetta tæki nýtist vel til að gera sér grein fyrir „stóru myndinni“, þ.e. hvaða þættir hafa áhrif á verkefnið Plastpokalaust Suðurland.

### Stjórnámálegir þættir

- Það virðist vera pólitískur vilji til að draga úr plastpöknotkun á landsvísu. Ráðherra hefur sett á fót stefnu til að draga úr plastpöknotkun – Saman gegn sóun.
- Ríkið, í gegnum Umhverfisstofnun, er í viðræðum við verslanir um að draga úr plastpöknotkun og hvetja til notkunar taupoka. Þannig hefur verið myndað samstarf við Pokasjóð sem kallast Tökum upp fjölnota og er markmið þess átaks að minnka plastpöknotkun Íslendinga í 40 stk./ár fyrir árið 2025.
- Sveitarfélög bera ábyrgð á úrgangsméðhöndlun innan sinna marka og mega ekki koma út í gróða úrgangsméðhöndlun.
- Það er engin beinn hvati fyrir íbúa til að draga úr plastpöknotkun nema bara eigin umhverfismeðvitund.
- Í gegnum Pokastöðina í Hornafirði hafa enn fleiri Pokastöðvar litið dagsins ljós í þó nokkrum samfélögum.
- Í Stykkishólmi hefur sveitarfélagið í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands, Landvernd og Environice verið í átaki frá árinu 2013 sem felur í sér að umbreyta sveitarfélaginu í burðuplastpokalaust sveitarfélag.
- Á Akureyri, sem og eflaust fleiri sveitarfélögum, hefur sveitarfélagið veðið að fá íbúa til að flokka lífrænt með því að bjóða þeim lífrænar tunnur, taupoka í ruslið og fjárfesta í Moltu ehf.

### Efnahagslegir þættir

- Betri flokkun úrgangs í sveitarfélögum stuðlar að bættri endurnýtingu og endurvinnslu auðlinda sem falla til í samfélögum.
- Sveitarfélög hafa beina hagræna hvata til að fá íbúa sína til að flokka sem mest þar sem minna gjald er greitt á hvert kíló af pappír og plasti heldur en almennum úrgangi sem fer í urðun.
- Hvert sveitarfélag gæti litið á Pokastöðina sem samfélagsverkefni innan síns sveitarfélags. Hér ræðir því um framlag til atvinnusköpunar.

- Pokastöðin er byggð á sjálfböðavinnu. Ekki er vitað hversu marga poka er þörf á á hverjum stað. Pokar í Pokastöðinni eru endurgjaldslausir.
- Viðskiptavinurinn greiðir fyrir einnota plastpoka og fjölnota poka úr verslunum. Harðari reglugerð í tengslum við plast mun hugsanlega auka verðið á hverjum plastpoka og því draga úr viðskiptum fyrir verslanir sem verða því hugsanlega fyrir fjárhagstapi. Hér er þörf á að huga að leiðum til að aðstoða verslanir við að sjá hag sinn í aukinni notkun taupoka, hvort sem það er með þátttöku í Pokastöð eða sölu á taupokum o.þ.h.. Hugsanlega tengist þetta ímynd út á við og samfélagslegri ábyrgð.

## Félagslegir þættir

- Hætt er við að fólk gleymi taupokanum og kaupi plastpoka í staðinn.
- Fólk hefur áhyggjur yfir því hvað það eigi að gera við ruslið sitt ef það hefur ekki lengur plastpoka til að setja í tunnuna. Það er þörf fyrir að auka fræðslu og aðstoð við einstaklinga. Hér er hægt að líta til Akureyrar sem fyrirmynd.
- Með stofnun Pokastöðva í samfélagi myndast grasrót sem vinnur að aukinni taupokavæðingu í hverju samfélagi fyrir sig.
- Pokar í Pokastöðvum eru unnir úr endurnýttu efni, þannig að hver poki er sérstakur. Hver stimpill er líka sérstakur út frá hvaða sveitarfélagi pokinn var búinn til í. Þannig verður hver poki einstakur.
- Samfélagsleg ábyrgð einstaklinga. Vitundarvakning sem tengist of mikilli plastnotkun.
- Einstaklingar geta haft áhrif – þegar fleiri sjást með fjölnotapoka getur það haft áhrif á tækni. Þátttaka einstaklinga felur í sér kynningu á að draga úr plastpokanotkun og þannig vekur það athygli á málstaðnum.

## Tæknilegir þættir

- Ef setja á upp Pokastöð í hverju samfélagi verður að vera greitt aðgengi að saumaaðstöðu og efni. Gott væri ef sveitarfélög gætu aðstoðað verkefnið á þann hátt, þ.e. með að útvega saumaaðstöðu og söfnunarílát fyrir efni.
- Gera verður Pokastöðvar hópum auðvelt fyrir að setja upp standa og allar upplýsingar fyrir þá sem framleiða endurnýtanlegu pokana.
- Gera verður verslunum auðvelt fyrir að setja upp standa og að miðla upplýsingum.
- Máispokar eru staðgenglar við plastpoka undir rusl á heimilum.

## Lagalegir þættir

- Ríkið tengist ESB í gegnum EES samninginn. Þegar stefnubreyting verður hjá ESB og ný lög og reglugerðir eru settir þá fylgir íslenska löggjöfin eftir. Árið 2015 tók Evrópuþingið bindandi ákvörðun um að draga úr notkun plastpoka innan Evrópusambandsins.
- Sveitarfélög eru lagalega skuldbundin til að vinna eftir svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Sú áætlun byggir á Landsáætlun eða ríkjandi stefnu stjórnvalda. Ef stjórnvöld setja þrýsting þá ætti það að ná niður í svæðisáætlun.
- Framtíðar lagasetning mun líklega leggja áherslu á að draga úr plastpokanotkun.

## Umhverfisþættir

- Að draga úr plasti í samfélaginu okkar er gríðarlega mikilvægt umhverfismál.
- Minna plast frá sveitarfélögunum í urðun og í sjó þýðir minni heildarlosun plasts frá Íslandi í urðun og í sjó.
- Með því að draga úr plastnotkun sparast olía til plastframleiðslu.
- Með því að endurnýta efni sýknt og heilagt sparast frumframleiðsla á nýju efni sem er bæði orkufrek í framleiðslu og flutningi.
- Aukin umhverfisvitund íbúa gæti haft áhrif á önnur svið í tilverunni sem tengjast neyslu og vali á efni. Eftir því sem plastpokum fækkar inni á heimilunum líklegra að áhugi íbúa á að flokka lífrænan úrgang aukist. Fræðslan gæti líka verið bundin við aðra plastnotkun á heimilum umfram burðapoka úr plasti eins og t.d. nestspoka, frystipoka, plastfilmur, einnota vörur o.s.frv.

## 1.2. Hagsmunaaðilar

Hagsmunaaðili er sá aðili, einstaklingur eða hópur, sem tengist verkefninu á einhvern hátt eða hefur áhuga á að vita hvernig verkefninu miðar áfram. Með greiningu á hagsmunaaðilum má innleiða vöktun á jákvæðum og neikvæðum hagsmunaaðilum og skipuleggja samskipta- og aðgerðaáætlun gagnvart hverjum og einum.

Skilgreining á hagsmunaaðilum sem tengjast verkefninu Plastpokalaust Suðurland hefur þann tilgang að auka skilning þeirra sem koma að verkefninu um hvernig markmið hægt er að setja sér, hvernig skilgreina eigi árangur og hvernig skipuleggja eigi samskipti við lykilaðila. Til að leggja grunn að góðum og skilvirkum samskiptum er mikilvægt að þeir sem komi að verkefninu átti sig á hverjir eru hagsmunaaðilar þess. Ennfremur er mikilvægt að skilgreina væntingar þeirra sem hafa hag af verkefninu og hvaða þýðingu þær hafa fyrir verkefnið og þannig stuðla að virkri stjórnun hagsmunaaðila (Fangel, 2007).



Tafla 1

## HAGSMUNAAÐILAGREINING – HELSTU HAGSMUNAAÐILAR

Hagsmunaaðili	Hlutverk/framlag	Væntingar hans
<b>RÁÐUNEYTI OG STOFNANIR</b>	Ber ábyrgð á lagasetningu, stefnumörkun og framfylgni þessara þátta	
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Að fylgja stefnu ESB og uppfylla lagaákvæði	Að draga úr einnota plastpokum í samræmi við Saman gegn sóun
Umhverfisstofnun	Að fylgja stefnu stjórnvalda	Að hætta einnota burðapokum úr plasti á öllum starfsstöðvum sínum
<b>SVEITARFÉLÖG</b>	Bera ábyrgð á meðhöndlun úrgangs á sínu svæði	Að gjald innheimt af sveitarfélögum til íbúa sé aldrei hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengdrar starfsemi
<b>EINKAFÉLÖG</b>		
Verslunarkeðjur á Íslandi	Að selja vörur	Góð ímynd út á við – að selja vörurnar sínar
Framleiðendur/innflytjendur plastspoka	Að selja plastpoka	Ekki vitað, hugsanlega eru þeir mjög vakandi yfir þróuninni og skipuleggja sig í samræmi við hana
Pokastöðvar	Bera ábyrgð á hverri pokastöð fyrir sig	Að kerfið verði samþykkt af verslunum og almenningi og að fáist fólk í sjálfboðavinnu
Almenningur	Þarf að samþykkja kerfið	Að umskiptin frá plastpokum yfir í taupoka sé auðveld

### 1.3. Greining á mikilvægi hagsmunaaðila

Út frá hagsmunaaðilagreiningunni er hægt að meta hvern hagsmunaaðila út frá mikilvægi og áhrifum. Hver aðili er svo raðaður niður í eftirfarandi töflu þar sem hann er settur í einn af eftirfarandi hópum:

- A. Lágmarks fyrirhöfn
- B. Halda upplýstum
- C. Halda ánægðum
- D. Lykil leikmenn

Tafla 2

#### GREINING Á MIKILVÆGI HAGSMUNAAÐILA

	Lítið (0)	Mikilvægi	Mikið (5)
Lítill (0)	A: Lágmarks fyrirhöfn	B: Halda upplýstum	
Áhrif	<ul style="list-style-type: none"><li>• Framleiðendur/ innflytjendur plastspoka</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Umhverfisstofnun</li><li>• Umhverfis- og auðlindaráðuneyti</li></ul>	
Mikil (5)	C: Halda ánægðum	D: Lykil leikmenn	
	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sveitarfélög</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Verslunardeður á Íslandi</li><li>• Pokastöðvahópur</li><li>• Almenningur</li></ul>	

## 1.4. Stuðningur og völd

Tafla 3

### STUÐNINGUR OG VÖLD HAGSMUNAAÐILA

Hagsmunaaðili	Styður aðili verkefnið?		Getur hann haft áhrif á útkomu verkefnisins?		Er afstaða hans byggð á þekkingu á verkefninu?	
	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei
A Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	x		x		x	
B Umhverfisstofnun	x		x		x	
C Sveitarfélög	-	-	x		-	-
D Verslunarkeðjur á Íslandi	-	-	x		-	-
E Framleiðendur/innflytjendur plastspoka	-	-		x	x	
F Pokastöðvahópur	x		x		x	
G Almennungur	-	-	x		x	

Tafla 4

### STUÐNINGUR OG VÖLD HAGSMUNAAÐILA

		Völd	
		Já	Nei
Stuðningur	Já	<ul style="list-style-type: none"> <li>Umhverfis- og auðlindaráðuneyti</li> <li>Umhverfisstofnun</li> <li>Pokastöðvahópur</li> </ul>	
	Óvissa	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sveitarfélög</li> <li>Verslunarkeðjur á Íslandi</li> <li>Almennungur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Framleiðendur/innflytjendur plastspoka</li> </ul>
	Nei		

## 1.5. SVÓT greining

SVÓT greining er einfalt greiningartæki sem er notað til að meta styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri fyrir t.d. fyrirtæki, nýja vöru eða hugmynd á markaðinum. Í þessari greiningu eru helstu þættir sem tengjast viðfangsefninu kortlagðir í fjóra flokka og er tilgangur hennar að fá góða yfirsýn yfir styrkleika viðfangsefnis og veikleika og einnig hvaða ógnanir eru fyrir hendi og hvaða tækifæri eru í stöðunni.

Tafla 5

### SVÓT GREINING

Hagsmunaaðili	Styrkleikar	Veikleikar
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Fjármagn, völd	Margir aðilar að keppast um fjármagn
Umhverfisstofnun	Sambönd erlendis og við verslanir heima	Eru farin af stað með eigið kerfi
Sveitarfélög	Hafa möguleika á að ná til samfélagsins, bæði stofnana og íbúa	Ef beðið er um styrk fyrir því að halda úti Pokastöð gæti það virkað letjandi
Verslunarkeðjur	Eru helstu söluaðilar plastpoka á Íslandi og því er kerfið til staðar	Gætu horft frekar á markaðs-tölur heldur en að taka forystu og vera leiðandi í að hætta að selja plastpoka
Framleiðendur / innflytjendur	Eru helstu framleiðendur / innflytjendur plastpoka á Íslandi og því er kerfið til staðar	Eru að selja vöru sem er hugsanlega á útleið af markaðinum
Pokastöðvar	Sá sem fer í svona hóp er hugsjónarmanneskja og því líkleg til að berjast fyrir verkefninu	Þetta er sjálfböðavinna og ekki sjálfgefið að allir geti unnið þannig
Almenningur	Þetta er neytendahópurinn og val hans hefur allt að segja	Hugsanlega finnst honum þetta erfitt þannig að það þarf að gera honum þetta auðvelt

Ógnir	Tækifæri
Kosningar, breyting á áherslum	Fá styrk hjá ráðuneytinu
Önnur aðkallandi mál sett ofar á forgangslista	Að verða sá aðili sem UST mælir með
Verkefnið nær ekki athygli sveitarstjórnarmanna	Ef sveitarstjórnir tæku verkefnið á sínar hendur myndi það ná betri útbreiðslu
Gætu horft frekar á markaðstölur heldur en að taka forystu og vera leiðandi í að hætta að selja plastpoka	Eru margir hverjir eigendur Pokasjóðs. Með því að viðhalda Pokasjóði en skipta plastpokunum út fyrir fjölnota poka væri hægt að hafa mikil áhrif
Plastpokalaust er ógnun við núverandi kerfi	Innflutningur taupoka til sölu verður raunhæfari kostur fyrir innflutnings fyrirtæki. Framleiðendur innanlands geta framleitt umhverfisvænni poka
Enginn hefur áhuga á verkefninu	Ef margir hópar myndast verður úr þessu hreyfing
Hann afneitar kerfinu	Ef hann samþykkir taupokanotkun í stað plastpoka er möguleiki á að bylta núverandi einnota plastpokakerfi og breyta því í fjölnotakerfi. Það gæti leitt af sér enn stærri breytingu sem gæti náð til fleiri einnota plastafurða

## 2. Aðgerðaáætlun


### 2.1. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Plastpokalaust Suðurland fellur undir stefnu stjórnvalda um að draga úr plasti og verður sá flokkur áhersluflokkur þeirra árin 2018-2019. Verður því hægt að sækja um styrk til ráðuneytisins um verkefni sem lúta að plasti á þeim tíma.

**Markmið:** Að koma á góðu og reglulegu sambandi og að fylgjast náið með styrkveitingum.

**Aðgerðir og leiðir að markmiðum:** Finna tengilið innan ráðuneytisins sem heldur utan um starfshópinn Saman gegn sóun og Burðapokar úr plasti og kynna fyrir þeim aðila Plastpokalaust Suðurland og hvaða aðgerðir eru í boði.

### 2.2. Umhverfisstofnun

Verkefniss hópur Plastpokalaust Suðurlands fór á fund með  Imfríði hjá Umhverfisstofnun og var afraksturinn sá að Umhverfisstofnun fjallar um Pokastöðina á heimasíðu sinni undir flokknum atvinnulíf – grænn lífstíll. Þar eru leiðbeiningar fyrir verslanir um hvað þær geta gert til að draga úr plastpokanotkun og kemur Pokastöðin fram í lið nr. 3:

#### Þjóða upp á Pokastöð

Pokastöðin er verkefni sem hófst á Höfn í Hornafirði og gengur út á að sjálfbóðaliðar búa til margnota poka og skilja eftir á ákveðnum stað við afgreiðslukassana. Þá geta viðskiptavinir sem gleymt hafa pokanum sínum, fengið lánaðan poka sem síðan er skilað aftur næst þegar komið er í búðina. Verslanir geta líka farið einfaldari leið og boðið fólki að skilja eftir margnota poka sem það notar ekki og aðrir fengið að njóta góðs af því (Umhverfisstofnun, 2017).

#### Markmið:

- Að fylgjast vel með þróuninni hjá Umhverfisstofnun.
- Að komast í samband við verslanir.
- Að Umhverfisstofnun styðji við og taki jafnvel þátt í verkefninu.

#### Aðgerðir og leiðir að markmiðum:

- Halda reglulegu sambandi við  Imfríði Þorsteinsdóttur og Birgittu Stefánsdóttur starfsmenn Umhverfisstofnunar.

## 2.3. Verslunarkeðjur á Íslandi

**Markmið 1:** Að það myndist Pokastöðvahópur í hverju sveitarfélagi á Suðurlandi.

**Aðgerðir og leiðir að markmiðum:**

- Að fara um Suðurlandið og kynna hverju samfélagi fyrir Pokastöð.
- Að útbúa einn byrjendapakka sem er auðveldur í uppsetningu og viðhaldi fyrir hvert sveitarfélag.
- Að halda úti heimasíðu og Facebook síðu þar sem Pokastöðvahópum er veitt ráðgjöf og aðstoð.

**Markmið 2:** Að koma upp Pokastöð í hverri verslun á Suðurlandi.

**Aðgerðir og leiðir að markmiðum:**

- Aðstoða verslanir með að færa sig frá plastpokanotkun yfir í fjölnota poka án þess að ímynd þeirra skaðist eða að það hafi áhrif á sölutölur þeirra.
- Komast í samband við yfirmenn helstu keðjanna og kynna Pokastöðvaverkefnið.
- Pokastöðvahópar.

## 2.4. Fræðsla og kynning

**Markmið 1:** Að almenningur færast frá einnota plastpokakerfi yfir í fjölnota pokakerfi og að hann samþykki Pokastöðvaverkefnið.

**Aðgerðir og leiðir að markmiðum:**

- Herferð – Sjálfbært Suðurland: Hrinda af stað öflugri fræðsluherferð gegn plasti ásamt öðru sem tengist verkefninu Sjálfbæru Suðurlandi. Hlutverk herferðarinnar væri að miðla upplýsingum og aðgerðum gegn plastpokanotkun og öðru sem tengist umhverfismálum á Suðurlandi. Búa til kynningu sem hægt er að ferðast um með til sveitarfélaga, í skóla, til kvenfélaga, grasróta o.s.frv.

**Markmið 2:** Að aðstoða sveitarfélög og verslanir við að draga úr plastnotkun.

**Aðgerðir og leiðir að markmiðum:**

- Heimasíða SASS: Miðlun upplýsinga um Plastpokalaust Suðurland svæði á heimasíðu SASS. Veita upplýsingar annars vegar til almennings og hins vegar til sveitarfélaga og verslananna.
- Ráðstefna: Haldin í ágúst 2017 með það að markmiði að þróa samræmdar aðgerðir fyrir öll sveitarfélög á Suðurlandi í úrgangsmálum almennt.

# 3. Samskiptaáætlun

Mikilvægt er að miðla upplýsingum sem tengjast stöðu verkefnisins til rétta aðila að hverju sinni yfir allan framkvæmdartíma verkefnisins. Því er samskiptaáætlun sem er unnin upp úr hagsmunaaðilagreiningunni gagnlegt tæki til að kortleggja ýmis atriði, svo sem við hvern á að tala, hvenær, af hverju o.s.frv. Með þessum hætti upplifa viðeigandi aðilar sig sem virka þátttakendur og þekkja betur stöðuna, við hverju megi búast og hvort einhverra breytinga sé þörf (Fangel, 2007).

Tafla 6

## SAMSKIPTAÁÆTLUN

Hagsmunaaðili	Hvers vegna?	Hvað?
A Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Fylgjast með styrkveitingum	Komast í samband við styrktaraðila
B Umhverfisstofnun	Tengslanet	Eiga fundi með Hólfríði og Birgittu 
C Sveitarfélög og landshlutasamtök	Draga úr plasti	Fræðsla
D Verslunarkeðjur á Íslandi	Koma upp Pokastöð	Eiga fund með þremur helstu keðjunum
E Pokastöðvahópur	Koma upp hóp í hverju sveitarfélagi	Fara í hvert sveitarfélag og halda kynningu
F Almennigur	Halda upplýstum	Fræðsla



Hvenær?	Hvernig? – Aðferð og tækni	Ábyrgð
Haust 2017	Senda á ráðuneytið fyrirspurn	EBL / GÁS
Haust 2017	Samráðsfundur	EBL / GÁS
Haust 2017 / Vor 2018	Ráðstefna, vefsíða og herferð	EBL / GÁS / ÞFS
Haust 2017	Kynningafundur á Pokastöð	GÁS
Sumar og haust 2017	Kynningafundur á Pokastöð	GÁS
Óákveðið	Upplýsingar á vefsíðu SASS	

## 4. Niðurstöður

Plast er einnota afurð sem lifir lengi og er orðin nánast órjúfanlegur þáttur í daglegu lífi okkar. Mannkynið hefur farið offörum í notkun á þessari einnota, mjög slitsterku vöru með þeim afleiðingum að hún hefur safnast saman í náttúru okkar sem með neikvæðum áhrifum á umhverfið. Plastpokar eru gerðir úr olíu og meðallíftími þeirra er um 25 mínútur. Það tekur plastpoka um 100 – 500 ár brotna niður í örsmáar plastagnir sem menga vatn og vistkerfi og berast að auki inn í fæðukeðju mannsins. Hér er því um tilgangslausa sóun á dýrmætum auðlindum að ræða.

Í samfélaginu okkar eru ýmis teikn á lofti sem benda til þess að við erum að færast frá einnota plastpokasamfélagi yfir í fjölnotapoka samfélags. Reglugerðir eru að herðast og sett hefur verið stefna hjá ríkinu sem heitir Saman gegn sóun sem miðar að því að draga úr plastpokanotkun Íslendinga. Pokasjóður, sem er í eigu helstu verslunarkeðja á Íslandi, hleypti nýlega af stað átakinu „Tökum upp fjölnota“ ásamt Björtu Ólafsdóttir umhverfisráðherra og markmið þess er að draga úr fjölda plastpoka sem notaðir eru árlega á Íslandi.

Verkefnið „Pokastöðin Höfn, plastpokalaus Hornafjörður“ var sett af stað á vormánuðum 2016. Tilgangur þess var að draga úr plastpokanotkun á svæðinu. Upp frá því spratt grasrótahópur sem hittist reglulega og saumar taupoka. Verið er að móta áhersluverkefni í tengslum við Plastpokalaust Suðurland sem byggir á þessu verkefni og búið er að hanna umgjörð, körfur undir pokana og útlit fyrir verkefnið. Þannig verður auðveldara fyrir áhugasama Sunnlendinga að koma slíku verkefni á koppinn í öðrum byggðarlögum.

Verkefnið Boomerang Bags hefur átt góðu gengi að fagna í Ástralíu. Um ræðir alþjóðlega grasrótahreyfingu sem stuðlar að sjálfbærni í samfélögum. Verkefnið rímar mjög við áherslur Pokastöðvarinnar í Höfn og var því haft samband við Boomerang Bags í Ástralíu til að skoða möguleikana á samstarfi. Tekið var vel í hugmyndirnar um samstarf og hefur nú Ísland bæst við í hópinn með tilkomu Pokastöðvarinnar í Höfn og alla þá grasrótahópa sem spretta út frá henni út um allt land. Nú þegar eru komnir 16 tengiliðir um allt land sem vinna að því að setja upp Pokastöðvar í sínu samfélagi.

Gríðarlegur kostnaður fylgir óflokkuðum úrgangi frá sveitarfélögum, en plast er hins vegar dýrmæt auðlind sem sveitarfélög geta losað sig við endurgjaldslaust. Sveitarfélög hafa því beina hagræna hvata til að fá íbúa sína til að flokka sem mest þar sem minna gjald er greitt á hvert kíló af pappír og plasti heldur en almennum úrgangi sem fer í urðun.

Niðurstöður greiningavinnunna sem farið hefur fram í þessari skýrslu miða að því að byggja upp gott tengslanet við ráðuneytið og Umhverfisstofnun og að hefja öflugan herferð gegn plasti sem miðuð verður á verslunarkeðjur á Suðurlandi, sveitarfélög og grasrótahópa í samfélaginu sem hafa áhuga á að koma upp Pokastöð hjá sér og svo almenningi.

## 5. Heimildaskrá

Fangel, M. (2007). *Proactive Project Management*. How to make common sense common practice. Denmark:: Fangel Projectledelse as.

Umhverfisstofnun. (2. Júní 2017). *Grænn rekstur*. Sótt frá Plastpokalaus verslun: <http://www.ust.is/atvinnulif/graenn-rekstur/plastpokalaus-verslun/>

Viðskiptablaðið. (Maí 2017). *Markmiðið að leggja sjóðinn niður*. Sótt frá Pokasjóður vill færa notkun Íslendinga úr 105 plastpokum árlega niður í 40 árlega en allt að 1,5 milljarður poka hafa verið seldir hér á landi frá upphafi.: <http://www.vb.is/frettir/markmidid-ad-leggja-sjodinn-nidur/138104/>

